

**Bæjarráð Hafnarfjarðar
Bt. Rósu Guðbjartsdóttur
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður**

Reykjavík, 16. desember 2021

Varðandi lóðir við Hellnahraun III áfanga

Undirritaður fyrir hönd Klettagarða 12 ehf. kt. 620310-1070, sem er í eigu Kynnisferða hf. kt. 640920-0410, lýsir áhuga Kynnisferða á að fá vilyrði bæjarráðs fyrir úthlutun á lóðum í seinni hluta 3. áfanga Hellnahrauns. Um er að ræða þann áfanga sem bærinn hefur kynnt á heimasíðu sinni, endurskoðun deiliskipulags.

Kynnisferðir eru eitt stærsta ferðapjónustufyrirtæki landsins. Félagið sinnir akstri Flugrútunnar, akstri í Bláa Lónið, býður upp á mikið úrval dagsferða og sinnir ýmsum sérhópum sem vilja ferðast í hópferðabílum. Í gegnum Almenningsvagna Kynnisferða sinnir félagið akstri 11 strætóleiða í borginni sem undirverktaki hjá Strætó BS. Félagið rekur bílaleigu og er með umboð fyrir Enterprise, Alamo og National en þau eru ein stærstu bílaleigumerki heims. Nýlega sameinuðust Kynnisferðir Eldey TLH sem hefur sérhæft sig í fjárfestingum í afþreyingartengdri ferðapjónustu. Með þessari sameiningu rann Arcanum Fjallaleiðsögumenn ehf. undir Kynnisferðir en það félag býður upp á fjölbreytta afþreyingu eins og hálendisferðir, jöklagöngu, snjósleðaferðir, fjórhjólaferðir auk ýmissa sérhæfðra ferða með sérhópa. Einnig eignuðust Kynnisferðir hlut í Dive.is sem snérhæfir sig í köfun í Silfru á Þingvöllum.

Kynnisferðir leggja mikla áherslu á umhverfis- og gæðamál og eru félög í samstæðunni með ISO14001 umhverfissvottun. Félagið rekur nýjasta hópferðabílaflota landsins og ætlar að vera leiðandi í orkuskiptum í flota félagsins. Í dag eru höfuðstöðvar félagsins í Klettagörðum 12 í Reykjavík í tæplega 7.000 fm húsi á 18.000 fm lóð.


Helstu eigendur Kynnisferða eru Alfa hf., SF VII (sem er fjárfestingasjóður hjá Stefni) og Eldey eignarhaldsfélag hf. Eigendur Alfa eru einstaklingar en helstu eigendur SF VII og Eldeyjar eignarhaldsfélags eru íslenskir lífeyrissjóðir.

Óskað er eftir vilyrði Hafnarfjarðarbæjar fyrir 7 lóðum samtals 22.075 fm. Umræddar lóðir eru Dranghella 3 og 5, Tunguhella 2, 4, 6 og 8 og Jötnahella 1 en óskað yrði eftir að sameina lóðirnar. Tilgangur félagsins með þessum lóðum er að geta fært höfuðstöðvar félagsins í hentugra en smærri húsnæði með meira útipláss. Félagið gerir ráð fyrir að byggt yrði um 3.000 fm hús á lóðunum og stóru afgirtu útisvæði þar sem hægt yrði að hlaða strætisvagna, hópferðabíla og fólksbíla.

Kynnisferðir hafa staðið vel af sér þann storm sem geysað hefur undanfarið á ferðþjónustu og með fjölbreyttum stoðum náð að lágmarka tap félagsins. Eigendur félagsins hafa nýverið lagt félaginu til kr. 800 millj. í nýju hlutafé og er fjárhagsstaða félagsins traust. Hagnaður verður á rekstri félagsins á þessu ári og er gert ráð fyrir góðum hagnaði á félaginu á árinu 2022.

Með von um jákvæðar viðtökur bæjarráðs Hafnarfjarðar fyrir vilyrði á ofangreindum lóðum.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Jón Benediktsson', is written over a horizontal line.

Jón Benediktsson, stjórnarformaður